



Skráningarlýsing skuldabréfa



Lánasjóður sveitarfélaga

1. flokkur 2004

Júní 2004

ÍSLANDSBANKI

YFIRLÝSINGAR

YFIRLÝSING ÚTGEFANDA

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga, kt. 710169-4979, Háaleitisbraut 11, 108 Reykjavík, lýsir því yfir að upplýsingar í skráningarlýsingu þessari eru eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif geti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Athygli er vakin á því að skráningarlýsingin er unnin skv. undanþágu í 4. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 4. júní 2004
f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga



Þóroddur Skúlason, kt. 270743-3749
framkvæmdastjóri

YFIRLÝSING UMSJÓNARAÐILA

Íslandsbanki hf. (Íslandsbanki), kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík lýsir því yfir að við gerð skráningarlýsingar fyrir Lánasjóð sveitarfélaga vegna skuldabréfa í 1. flokki 2004, var aflað þeirra gagna sem að mati Íslandsbanka voru nauðsynleg til að gefa rétta mynd af Lánasjóði sveitarfélaga og verðbréfum hans og að mati Íslandsbanka hf. var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Athygli er vakin á því að skráningarlýsingin er unnin skv. undanþágu í 4. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 4. júní 2004
f.h. Íslandsbanka hf.



Örn Gunnarsson, kt. 181168-3159
forstöðumaður fyrirtækjaþróunar

ÚTGEFANDI

ÚTGEFANDI

Lánasjóður sveitarfélaga, 710169-4979, Háaleitisbraut 11, 108 Reykjavík.

STARFSEMI

Sjóðurinn starfar eftir lögum nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun, sameign allra sveitarfélaga á Íslandi, en þau bera þó ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram hin árlegu tillög sín til sjóðsins. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, sbr. 3. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga. Hlutverk sjóðsins skv. 2. gr. laganna er m.a. að veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestinga, aðstoða sveitarfélög við öflun stofnlána og hafa milligöngu um töku þeirra, annast samninga við lánastofnanir um bætt lánakjör sveitarfélaga, sem búa við óhagstæð lánakjör.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 35/1966 er stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga heimilt að afla sjóðnum lánsfjár með útgáfu skuldabréfa fyrir hönd sjóðsins. Stjórninni er þó ekki heimilt að gefa út og selja skuldabréf og aðrar endurgreiðanlegar skuldaviðurkenningar til almennings.

HEIMILD OG TILGANGUR

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga samþykkti skuldabréfaútgáfu þessa að fjárhæð allt að 1.700.000.000 kr. á fundi sínum þann 3. maí 2004, til að afla sjóðnum lánsfjár, sbr. 6. gr. laga nr. 35/1966. Flokkurinn er opinn með óákveðinni lokastærð. Fjárfestum er því bent á að stjórnin getur veitt heimild til frekari stækkunar á skuldabréfaflokkinum í framtíðinni umfram núverandi heimild frá 3. maí 2004. Tilgangur skráningar í Kauphöll Íslands (Kauphöllin) er að auðvelda viðskipti með skuldabréfin.

SKRÁNING

SKRÁNING

Kauphöllin hefur samþykkt að taka skuldabréf Lánasjóðs sveitarfélaga, 1. flokk 2004, á skrá og verða þegar útgefin og seld bréf, samtals að nafnverði kr. 1.700.000.000, skráð þann 8. júní 2004, enda verði öll skilyrði skráningar uppfyllt.

UMSJÓNARAÐILI OG MILLIGANGA VEGNA SKRÁNINGAR

Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, sími: 440-4000, netfang www.isb.is.

VIÐSKIPTAVAKT

Engin viðskiptavakt er tengd skuldabréfaútgáfu þessari.

SÖLUFYRIRKOMULAG

SÖLUAÐILI

Íslandsbanki, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

FYRIRKOMULAG SÖLU

Skuldabréfin voru seld til fagfjárfesta í lokuðu útboði. Komi til frekari útgáfu skuldabréfa verða þau seld með sambærilegum hætti.

SÖLUTRYGGING

Útboðið var sölutryggt af Íslandsbanka hf.

SÖLUTÍMI

Skuldabréf að fjárhæð kr. 1.700.000.000 að nafnvirði voru seld þann 11. maí sl. gegn staðgreiðslu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um frekari útgáfu. Kauphöll Íslands verður tilkynnt um frekari útgáfu ef til hennar kemur.

SKILMÁLAR SKULDABRÉFANNA

ÚTGÁFUDAGUR

Útgáfudagur skuldabréfanna var 11. maí 2004.

NAFNVERÐ OG LÁNSTÍMI

Þegar hafa verið gefin út og seld skuldabréf fyrir kr. 1.700.000.000 að nafnvirði. Skuldabréfin eru til 15 ára. Skuldina ber að endurgreiða með jöfnum árlegum afborgunum, 1. september ár hvert, þó í fyrsta sinn þann 1. september 2005 og í síðasta sinn 1. september 2019.

UPPGREIÐSLUHEIMILD

Engin uppgreiðsluheimild er í skuldabréfunum.

VERÐTRYGGING

Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysliverðs, sem reiknuð er og birt af Hagstofu Íslands, skv. lögum nr. 12/1995, með grunnvísitölu í maí 2004 sem er 232,0 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Afborganir eru reiknaðar þannig, að á hverjum gjalddaga er verðbótum bætt við höfuðstól skuldarinnar og síðan er deilt í útkomuna með þeim fjölda gjalddaga, sem þá eru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga, sem er í það sinn.

VEXTIR

Af höfuðstól skuldarinnar eins og hann er á hverjum tíma greiðast 4,08% fastir vextir, sem reiknast frá 11. maí 2004. Vexti ber að greiða eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir.

EININGAR OG AUÐKENNI

Skuldabréfin eru rafrænt skráð í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. (Verðbréfaskráning) sem starfar í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Einingar skuldabréfanna eru kr. 10.000.000. Auðkenni skuldabréfanna er LSS 04 1 og ISIN auðkenni IS0000009256.

ÁVÖXTUNARKRAFA

Ávöxtunarkrafa skuldabréfanna á fyrsta söludegi var 4,08% og sölugengi 0,999964. Ávöxtunarkrafa og sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og gengi skuldabréfanna hverju sinni er hægt að nálgast hjá markaðsviðskiptum Íslandsbanka, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

ANDVIRÐI AÐ FRÁDREGNUM KOSTNAÐI

Kostnaður vegna skráningar hjá Kauphöllinni var 250.000 kr., annar kostnaður vegna skráningarinnar var óverulegur. Andvirði skuldabréfaútbóðsins að frádregnum öllum kostnaði var um 1.677 m.kr.

SÉRSTAKT SKILYRÐI SKV. LÖGUM UM LÁNASJÓÐ SVEITARFÉLAGA NR. 35/1966

Skuldabréfin verða aðeins seld til fagfjárfesta í skilningi II. kafla reglugerðar nr. 630/2003 um verðbréfavíðskipti, sbr. ákvæði 2. másl. 6. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga. Til að tryggja framangreint eru skuldabréfin í 10 milljóna króna einingum sbr. e-liður 1. tl. og a. liður 2. tl. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

TRYGGINGAR OG RÉTTINDI

Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna. Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum. Lánasjóður sveitarfélaga ábyrgist skilvísu og skaðlausa endurgreiðslu bréfanna með heildareignum sínum. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna. Engin vijkjandi ákvæði eru í skuldabréfunum.

GREIÐSLUSTAÐUR

Lánasjóður sveitarfélaga mun, fyrir milligöngu Verðbréfaskráningar, greiða skuldabréfin á gjalddaga til þeirra reikningsstofnanna þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlega greiðslur inn á reikninga eigenda.

VIÐTÖKUDRÁTTUR OG VANSKIL

Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS reikning eiganda skuldabréfs, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000 skal eigandinn snúa sér til útgefanda til að fá greiðslu. Verði greiðslu ekki vitjað til Lánasjóðs sveitarfélaga á réttum gjalddaga mun félagið hvorki greiða vexti, dráttavexti, né verðbætur frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram.

Verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð samkvæmt framanrituðu.

Þegar skuldin er fallin í gjalddaga samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum.

FRAMSAL OG FRAMSALSTILKYNNING

Skuldabréfin skulu við eigendaskipti framseld til nafngreinds aðila. Engar frekari hömlur eru á framsali skuldabréfanna. Gagnvart Lánasjóði sveitarfélaga skoðast yfirlit Verðbréfaskráningar um eigendur skuldabréfanna sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi verðbréfa.

Til að fá aðgang að rafrænum bréfum sínum hjá Verðbréfaskráningu þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu og fela reikningsstofnuninni umsjón með verðbréfaeign sinni. Á vörslureikningi er haldið utan um verðbréfaeign, viðskipti og greiðslur til eigenda.

Réttindi að rafrænum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild. Eignarskráning rafréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.

FYRNING

Höfuðstóll skuldabréfanna fyrnist á tíu árum frá gjalddaga skv. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vextir skuldabréfanna fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.

SKATTAR

Samkvæmt 5. tl. 73. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt teljast bréfin til eignarskattsstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðslu af fjármagnstekjum sé skilað til ríkissjóðs, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

ÁGREININGUR

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

UPPLÝSINGAR

UPPLÝSINGAR OG GÖGN

Skráningarlýsing og önnur gögn sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá Íslandsbanka, Kirkjusandi, 3. hæð, 155 Reykjavík, netfang www.isb.is

